

Reglur um afnot listamanna af Kjarvalsstofu - staðfestar af borgarráði 10. mars 1987

1. gr.

Kjarvalsstofa í París er íbúð og vinnustofa, sem ætluð er íslenskum listamönnum. Reykjavíkurborg, Menntamálaráðuneytið og Seðlabanki Íslands lögðu fram fé til þess að koma upp slíkri starfsaðstöðu í Parísarborg með samningi við Cité Internationale des Arts, sem gerður var á árinu 1986.

2. gr.

Sérstök stjórnarnefnd fer með málefni Kjarvalsstofu. Í nefndinni eru 3 menn og eru tveir þeirra skipaðir af borgarráði að fengnum tillögum menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar, en einn stjórnarmaður er skipaður af menntamálaráðherra. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.

3. gr.

Nefndin skal árlega auglýsa eftir umsóknum um afnot Kjarvalsstofu. Umsækjendur skulu vera listamenn, sem starfa vilja um stundarsakir við listsköpun í París og sem fullnægja þeim reglum er stjórn Cité Internationale des Arts setur. Veita skal skemmst 2ja mánaða dvöl í Kjarvalsstofu en lengst er heimilt að veita listamanni afnot hennar í 12 mánuði samfleytt. Þótt auglýst sé eftir umsóknum um afnot Kjarvalsstofu, fer úthlutun einstakra vinnustofa í Cité Internationale des Arts eftir aðstæðum. Getur stjórn Kjarvalsstofu, í samráði við stjórn Cité Internationale des Arts, útvegað listamönnum sem þarfnast sérstakrar aðstöðu á vinnustofu sinni aðrar íbúðir, sem betur eru við þeirra hæfi, en Kjarvalsstofu er þá ráðstafað tímabundið til annarra rétthafa. Ef nægar umsóknir berast, skal úthluta afnotum Kjarvalsstofu fyrir eitt ár í senn og skal úthlutun lokið eigi síðar en 3 mánuðum fyrir upphaf úthlutunarárs. Skal senda niðurstöðu stjórnarnefndar til stjórnar Cité Internationale des Arts eigi síðar en 2 mánuðum fyrir upphaf úthlutunarárs.

4. gr.


Dvalargestir í Kjarvalsstofu skulu í samræmi við reglur Cité Internationale des Arts greiða dvalargjald sem standa skal undir rekstrarkostnaði hennar og sömuleiðis þá leigu, sem krafist er vegna sérstakrar aðstöðu þeim til handa. Dvalargestir skuldbinda sig til þess að hlíta þeim skilmálum og húsreglum sem stjórn Cité Internationale des Arts setur. Þeir skuldbinda sig einnig til þess að senda stjórn Kjarvalsstofu stutta greinargerð um störf sín í Kjarvalsstofu ásamt ábendingum um það, sem betur megi fara í rekstri vinnustofunnar. Slík greinargerð skal send stjórninni eigi síðar en mánuði eftir að dvöl lýkur.

5. gr.

Stjórn Kjarvalsstofu skal koma til fundar svo oft sem þörf þykir að mati formanns stjórnarinnar. Hún skal halda fundargerðarbók og skulu fundargerðir sendar til menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar, menntamálaráðuneytisins og Seðlabanka Íslands.

Reglur þessar eru samþykktar af stjórnarnefnd Kjarvalsstofu 4. mars 1987 og staðfestar af borgarráði hinn 10. mars 1987 og af menntamálaráðuneytinu hinn 18. mars 1987.

Borgarstjórinn í Reykjavík
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík



Sölvhólsstötu 4, 150 Reykjavík

sími: 560 9500, bréfasími: 562 3068

netfang: postur@mrn.stjr.is

veffang: www.mrn.stjr.is

Reykjavík, 3. mars 2000

Tilvísun: 97010018/32.011/00.500/ÁG/ái

Í samstarfssamningi milli menntamálaráðuneytisins, Reykjavíkurborgar og Seðlabanka Íslands, dags. 26. ágúst 1986, um starfrækslu listamannaíbúðar í París (Kjarvalsstofu) er kveðið á um að sérstök stjórnarnefnd annist úthlutun dvalartíma í íbúðinni. Nefndin skal skipuð þremur mönnum til þriggja ára í senn. Skulu tveir stjórnarmenn skipaðir af Reykjavíkurborg og einn stjórnarmaður skal skipaður af menntamálaráðuneyti, að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands (sbr. 3. gr. samningsins).

Í tengslum við skipun fulltrúa menntamálaráðuneytisins í stjórnarnefndinni í febrúar 1997 lýsti Seðlabanki Íslands þeirri skoðun sinni að ekki væri ástæða til að halda þeirri samráðsskyldu sem samstarfssamningurinn gerir ráð fyrir og mæltist því til þess að hún yrði afnumin (sbr. meðfylgjandi ljósrit af bréfi Seðlabanka Íslands, dags. 14. febrúar 1997). Með vísun til þess hefur ráðuneytið undirbúið drög að samkomulagi um breytingu á 1.mgr. 3.gr. samstarfssamningsins, sem felur í sér að ákvæðið um samráð við Seðlabankann um skipun fulltrúa menntamálaráðuneytisins í stjórnarnefnd Kjarvalsstofu falli brott.

Séu ekki gerðar athugasemdir við þessa breytingu af hálfu Reykjavíkurborgar er þess óskað, að meðfylgjandi drög að samkomulagi verði undirrituð f.h. borgarinnar (þrjú eintök) og tvö eintök endursend ráðuneytinu við fyrstu hentugleika. Ráðuneytið mun að því búnu ganga frá skipun fulltrúa síns í stjórnarnefnd Kjarvalsstofu til næstu þriggja ára.

F.h.r.

Menntamálaráðuneytið, Reykjavíkurborg og Seðlabanki Íslands gera með sér svofellt samkomulag um breytingu á samstarfssamningi þessara aðila dags. 26. ágúst 1986, um starfrækslu listamannaíbúðar í París, sbr. 5. gr. samningsins.

1. mgr. 3.gr. samstarfssamningsins hljóði svo:

Sérstök stjórnarnefnd annast úthlutun á dvalartíma í Kjarvalsstofu. Stjórnarnefnd skipa 3 menn til þriggja ára í senn. Tveir stjórnarmanna skulu skipaðir af Reykjavíkurborg og einn stjórnarmaður skal skipaður af menntamálaráðuneyti.

Samkomulag þetta er gert í þremur samhljóða eintökum og heldur hver aðili sínu eintaki.


Samkomulag þetta öðlast gildi er það hefur verið staðfest með undirritun allra samningsaðila.

Reykjavík, 21. febrúar 2000

F. h. menntamálaráðuneytisins

F. h. Reykjavíkurborgar

F. h. Seðlabanka Íslands



Menntamálaráðuneytið, Reykjavíkurborg og Seðlabanki Íslands
gera með sér svofelldan

s a m s t a r f s s a m n i n g

um starfrækslu listamannaíbúðar í París.

1. grein.

Samningsaðilar eru ásáttir um að gera samning við Cité Internationale des Arts, um stofnaðild að listamannsíbúð í Cité Internationale des Arts, Batiment B, í þeim tilgangi að veita íslenskum listamönnum starfsaðstöðu í París. Listamannaíbúð þessi nefnist Kjarvalsstofa, í minningu Jóhannesar S. Kjarval, listmálara.

2. grein.

Stofnframlag vegna Kjarvalsstofu skiptist á milli samningsaðila þannig, að Reykjavíkurborg greiðir 60% stofnframlagsins, menntamálaráðuneytið 30% stofnframlagsins og Seðlabanki Íslands 10% stofnframlagsins.

3. grein.

Sérstök stjórnarnefnd annast úthlutun á dvalartíma í Kjarvalsstofu. Stjórnarnefnd skipa 3 menn til þriggja ára í senn. Tveir stjórnarmanna skulu skipaðir af Reykjavíkurborg og einn stjórnarmaður skal skipaður af menntamálaráðuneyti, að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands.

Stjórnarnefnd skiptir sjálf með sér verkum.

Stjórnarnefnd setur reglur um úthlutun á dvalartíma í Kjarvalsstofu og skulu þær staðfestar af menntamálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg.

4. grein.

Gert er ráð fyrir að dvalargestir í Kjarvalsstofu hverju sinni greiði dvalargjald sem standi undir rekstrarkostnaði íbúðarinnar. Sá kostnaður umfram stofnframlag sem falla kann til vegna starfrækslu Kjarvalsstofu, skiptist milli samningsaðila í sömu hlutföllum og stofnframlag skv. 2. grein.


5. grein.

Samningur þessi skal hafa sama gildistíma og samningurinn við Cité Internationale des Arts. Breytingar á samningi þessum skulu staðfestar af öllum samningsaðilum áður en þær öðlast gildi.


6. grein.


Samningur þessi er gerður í þrem samhljóða eintökum og heldur hver aðili sínu eintaki.

Reykjavík, 26. ágúst 1986




Davíð Oddsson
borgarstjóri





Svinnir Hermannsson
menntamálaráðgjafi



Jóna Guðmundsdóttir
samtalastjóri